



## **Þinggerð 65. Fjórðungsping Fjórðungssambands Vestfirðinga**

**Haldin í fjarfundi 27. maí 2020**

## 65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundi

Þinggerð

---

### Þinggerð fjórðungsþings 2020

Miðvikudaginn 27. maí 2020, var samkvæmt samþykktum haldið 65. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í fjarfundi.

Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

#### Þingsetning

Hafdís Gunnarsdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið kl. 13.00 og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna. Hún benti á að þetta væri í fyrsta skipti sem Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga væri haldið í fjarfundi sem er merki um nýja tíma og breytingar á möguleikum til fundarhalda og fjarvinnu til framtíðar.

Formaður gerði tillögu að þingforseti yrði Rebekka Hilmarsdóttir bæjarstjóri Vesturbyggðar og Þorgeir Pálsson sveitarstjóri Strandabyggðar yrði varaþingforseti.

Tillagan samþykkt og tók þingforseti Rebekka Hilmarsdóttir við fundarstjórn.

Þingforseti bauð gesti og þingfulltrúa velkomna þakkaði auðsýnt traust. Þingforseti fór yfir dagskrá þingsins og tæknileg atriði varðandi skipulag þessa fjarfundar.

Stjórn samþykkti á fundi sínum 7. maí að boðað yrði til fjórðungsþings þann 27. maí. Kannað var meðal sveitarstjórnarmanna hvort sátt væri um að fundurinn yrði haldinn í fjarfundi fundinum yrði frestað til lok maí þó fram komi í þingsköpum að hann skuli vera haldinn í lok apríl..

Þar sem fyrirvari var skemmri á boðun en samþykktir segja til um sem er 4 vikur þá var send út könnun meðal þingbærra fulltrúa þess efnis og var tillagan samþykkt. Einn sveitarstjórnarmaður gerði athugasemd við hversu skammur tími var frá boðun til fundar. Lagt var til að þingið væri lokað fyrir almenning þar sem hann var haldinn í fjarfundi. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti gerði þá tillögu að þingritarar yrðu Agnes Arnardóttir og Lína Björg Tryggvadóttir starfsmenn Vestfjarðarstofu. Tillagan lögð fyrir fundinn. Tillagan samþykkt.

Þingforseti bar upp tillögu stjórnar FV að formönnum eftirfarandi nefnda:

#### Fjárhagsnefnd

Daníel Jakobsson Ísafirði, formaður

Eva Sigurbjörnsdóttir, Árneshreppi

Katrín Pálsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað

Sif Huld Albertsdóttir, Ísafjarðarbæ

Gerður Björk Sveinsdóttir, Vesturbyggð

# 65. FJÓRÐUNGSPING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Þinggerð

---

## Fjórðungsmálanefnd

Friðbjörg Matthíasdóttir Vesturbyggð formaður

Þingfulltrúar myndu síðan skrá sig í nefndina.

Tillagan samþykkt

Gengið til dagskrár samkvæmt þingskjali 1.

### 1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga sem stjórn FV ber ábyrgð á

Formaður stjórnar Fjórðungsambands Vestfirðinga Hafdís Gunnarsdóttir tók til máls og fjallaði stuttlega um breytta stöðu vegna Covid. Að öðru leyti vísast í þingskjal nr. 5.

Þingforseti opnar fyrir umræðu og gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs.

Þingforseti bar upp tillögu um að skýrsla stjórnar verði tekin til umræðu á ársfundi Vestfjarðarstofu sem haldin verður síðar sama dag og yrði þá afgreidd þar bæði fyrir Vestfjarðarstofu og FV í sameiningu. Tillagan samþykkt einróma.

Þingforseti tekur til máls og bar upp tillögu um að fjallað yrði um lið 2 og 3 dagskrár saman. Tillagan samþykkt.

Þingforseti gaf Aðalsteini Óskarsyni framkvæmdastjóra Fjórðungsambands Vestfirðinga orðið.

### 2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareikninga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á

Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga tekur til máls og fer yfir afgreiðslu ársreikninga og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Ársreikningur var sendur sveitarfélögum þann 7. maí s.l. Heildartekjur sambandsins lækka um 18,1 mkr. úr 361 mkr í 343 mkr, en rekstrargjöld lækka um 9,9 mkr úr 357,5 mkr í 347,6 mkr.

Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði er neikvæð um 4,7 mkr en var jákvæð 2018 um 3,6 mkr.

Rekstrarafkoma er neikvæð um 2,1 mkr. en var jákvæð 2018 um 5 mkr.

Neikvæð rekstrarafkoma skýrst af leiðréttingum vegna tvífærðra tekna 2018 og vegna tekjufærðra styrkja á árinu 2018 en útgjöld á móti féllu innan ársins 2019. Horft á þessi tvö ár saman þá er rekstarniðurstaða Fjórðungssambandsins í kringum núllið.

## 65. FJÓRÐUNGSPING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Þinggerð

Fastafjármunir nema 20,1 mkr og lækka lítillega frá árinu 2018, veltufé nemur 161,3 mkr og lækkar um 22 mkr frá árinu 2019. Eignir nema því 181,5 mkr og lækka um rúmar 22 mkr frá árinu 2018.

Eigið fé nemur 43,5 mkr og lækkar um 2,1 mkr frá árinu 2018, skuldir nema 138 mkr og lækka um 30 mkr frá árinu 2018.

Með ársreikningum fylgir einnig sjóðsstreymi, skýringar og sundurliðanir á rekstri einstakra deilda. Að öðru leyti vísast til þingskjala nr. 6.

### 3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og ákvörðun um árstíllag.

Með leyfi þingforseta hélt Aðalsteinn áfram í beinu framhaldi af kynningu rekstrarreiknings og kynnti tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Að öðru leyti vísast til þingskjala nr. 7

Aðalsteinn Óskarsson leggur til að ársreikningi starfsársins og endurskoðaðri fjárhagsáætlun verði vísað til umfjöllunar í fjárhagsnefnd.

Þingforseti býður þingmönnum að taka til máls varðandi ársreikning 2019 og tillögur að endurskoðaðri fjárhagsáætlun starfsársins 2020. Engin kveður sér hljóðs.

Þingforseti bar upp tillögu um að samþykkja að ársreikningur 2019 og endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 sér vísað í fjárhagsnefnd. Tillagan samþykkt einróma.

### 4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.

Þingforseti ber upp tillögu varðandi tímasetningu og umfjöllunarefni haustþings 2020. Gerð er tillaga þess efnis að haustþing 2020 verði haldið þann 9. og 10. október 2020 og er starfsmönnum Vestfjarðastofu falið að finna stað á norðanverðum Vestfjörðum.

Tillögu vísað til umfjöllunar í fjórðungsmálanefnd. Tillaga samþykkt. Að öðru leyti vísast til þingskjals nr. 10.

### 5. Önnur mál löglega fram borin

Þingforseti leggur fram þingskjal nr. 8. Ályktun frá Bolungarvík varðandi fjárhagsnefnd. Orðið laust varðandi ályktunina. Engin kveður sér hljóðs.

Þingforseti leggur til að þingskjali 8 verði vísað í fjárhagsnefnd. Tillagan samþykkt.

Þingforseti leggur fram þingskjal 9. Ályktun frá Bolungarvík varðandi aflaheimildir.

Orðið laust. Engin tekur til máls.

Þingforseti leggur til að þingskjali 9 verði vísa til fjórðungsmálanefndar.

Engin önnur mál.

## 65. FJÓRÐUNGSPING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Pinggerð

---

Nefndarstörf hafin,

Pingforseti biður nefndi að taka til starfa og bendir á að nefndarstörf standa einungis yfir í 30 mínútur.

Fyrir fjárhagsnefnd eru lögð fram þingskjöl nr. 6, 7 og 8  
Fyrir fjórðungsmálanefnd eru lögð fram nr. 9, 10 og 11.

Nefndarstöfum lokið og þinghald hefst að nýju kl. 14.23

Pingforseti tekur til máls og gefur formönnum nefnda orðið.

Daníel Jakobsson formaður fjárhagsnefndar tekur til máls og fjallar um niðurstöðu nefndarinnar. Þingskjal nr. 8 sem verður þingskjal nr. 12 tillaga um fastanefnd. Fjárhagsnefnd lagði til að þessi tillaga verði samþykkt á grundvelli þess að fjárhagsáætlun sveitarfélaga og fjárhagsáætlun Fjórðungssambands eigi að vinnast samhliða og það gæti eftl tengingu á milli sveitarfélaganna og Fjórðungssambands og aukið gegnsæi við vinnu Fjárhagsáætlunar.

Boðið uppá umræðu.

Aðalsteinn Óskarsson tekur til mál og varpar upp hugmynd þess efnis að fjárhagsnefnd eigi vera tímabundin og hennar hlutverk væri að fara yfir endurskoðun á bókhaldslyklum til samræmis við sveitarfélögin.

Umræður sköpuðust í kjölfarið. Var lagt til að afgreiðsla á tillögu fjárhagsnefndar verði frestað til haustþings og hún unnin betur þar sem of skammur tími hafi verið til að útfæra hana að fullu.

Umræða var um lög og þingsköp og var spurt hvort að þessi tillaga falli að afgreiðslu þingskapa og hvort að þurfi að taka málið til frekari umfjöllunar.

Formaður nefndar benti á atriði sem hann telur að styðji tillöguna. Formaður samsinnti því að betur mætti fara með undirbúning tillögunnar en taldi tillöguna samt hafa komið það snemma fram að hægt væri að samþykkja. Hann taldi það vera til bóta ef fjárhagsnefnd myndi hefja störf nú þegar og starfaði í það minnsta fram að næsta vorþingi.

Pingforseti ber upp tillögu um að ályktuninni verði frestað til hausts. Tillagan felld.

Þingskjal nr. 12 borin upp óbreytt.

Tillaga samþykkt

Formaður fjárhagsnefndar fer yfir þingskjal nr. 6 Ársreikningur 2019 sem verður þingskjal n. 13 Fjallað var um útfærslu á lífeyriskuldbindingum og hvort að það væri rétt að setja þær upp með þeim hætti sem gert er í Ársreikningnum en nefndarmenn töldu að útfærslan væri í lagi og lögðu til að Ársreikningur yrði samþykktur eins og hann væri en letur verði lagfært í öllu skjalinu.

## 65. FJÓRÐUNGSPING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundi

Pinggerð

---

Pingskjal nr. 13 borin upp til samþykktar.

Samþykkt

Pingskjal 7 endurskoðuð fjárhagsáætlun 2020 og endurskoðuð fjárhagsáætlun samanburður sem verður þingskjal nr. 14.

Formaður greindi frá umræðum í nefndinni og leggur fram nýja tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun þar sem sömu upplýsingar koma fram en þær settar fram á læsilegar form. Nefndin lagði til að fjárhagsáætlunin væri gerð meira „nettó“ þannig að styrkri sem renna inn til Fjórðungssambandsins væru teknir til hliðar þannig að það væri auðveldara að gera grein fyrir raunverulegum umsvifum sambandsins. Einnig var fjallað um Fjórðungssambandið bæri lífeyrisskuldbindinguna og myndi ekki krefjast mótframlags frá sveitarfélögunum fyrir því. Vísuðu þeirri umræðu til Fjárhagsnefndar næsta þings.

Pingskjal nr. 14 borið upp óbreytt til samþykktar. Samþykkt

Formaður Fjórðungsnefndar Fríðbjörg Matthíasdóttir gerir grein frá því sem var fjallað um í nefndinni.

Tillaga um málefni haustþings. Þingskjal. nr. 11 verður þingskjal nr. 16

Ályktun borin til samþykktar. Ályktun samþykkt.

Ályktun frá Bolungarvíkurkaupstað um áskorun til sjávarútvegsráðherra þingskjal. 9 verður þingskjal nr. 15

Ályktun borin óbreytt upp til samþykktar. Ályktun samþykkt.

Fjórðungsmálanefnd lagði fram ályktun varðandi breytingar á framlögum úr jöfnunarsjóði v. stöðu ríkissjóðs v. COVID-19. Engin ályktun lá fyrir fundin en nefndarmenn voru sammála um að leggja fram ályktun frá þessu þingi.

Ályktun lögð fram og lesin upp sem þingskjal nr. 10. verður þingskjal nr. 17

Orðið var gefið laust og gerðar voru breytingar jafnóðum á skjalinu

Beðið um heimild til að bera upp breytingar við ályktunina. Samþykkt.

Tillagan borin upp aftur í heild sinni með breytingum . Samþykkt.

Pingforseti þakkar nefndum fyrir sína vinnu og fundarmönnum fyrir þingið.

**Formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga** tekur við og þakkar fundarmönnum fyrir umræðurnar, þingforseta fyrir að stýra þinginu og starfsmönnum fyrir að undirbúning og vinnu á þinginu.

Þingi frestað til 9. október 2020. Lagt til að þingforseti og ritari fái heimild til að ganga frá þingerð. Samþykkt.

## **65. FJÓRDUNGSÞING FJÓRDUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA**

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Þinggerð

---

Þingi slitið kl. 15.19.

# 65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Þinggerð

---

**Fjórðungsþing**

Haldið 27. maí. 2020 í fjarfundir

Þingskjal nr. 1

Dagskrá

---

## DAGSKRÁ

### Miðvikudaginn 27. maí

Dagskrá þingsins samkvæmt 8. gr samþykktar er sem hér segir;

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár.
4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
5. Önnur mál löglega fram borin.
6. Frestun Fjórðungsþings Vestfirðinga

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur ekki í undirbúningi né hafa aðildarsveitarfélög óskað eftir að taka upp önnur mál á þinginu.

Vakin er athygli á því að ársfundur Vestfjarðastofu ses verður einnig haldinn í fjarfundir þennan sama dag og hefst kl. 15.00.

Áskilin er réttur til að breyta dagskrá þingsins allt að 10 dögum fyrir þingið, slík dagskrábreyting verður kynnt sérstaklega, auk þess sem hún verður sett inn á vef Vestfjarðastofu, en þar verður einnig hægt að finna ársreikning fyrir árið 2020 og aðrar upplýsingar er varða þingið.



## 65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Þinggerð

### Fjórðungsþing

Haldið 27. maí. 2020 í fjarfundir

Þingskjal nr. 2

Atkvæðavægi

#### 4. gr. Samþykkt A

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sve 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Atk hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

	Íbúar	Grunnatkvæði	Atkvæðavægi	á fulltrúa
<b>Reykholahreppur</b>	262	300	562	112,4
<b>Vesturbyggð</b>	1.021	300	1.321	188,71
<b>Tálknafjarðarhreppur</b>	251	300	551	110,2
<b>Bolungarvík</b>	955	300	1.255	179,29
<b>Ísafjarðarbær</b>	3.809	300	4.109	456,56
<b>Súðavíkurhreppur</b>	208	300	508	101,6
<b>Árneshreppur</b>	43	300	343	68,6
<b>Kaldrananeshreppur</b>	109	300	409	81,8
<b>Strandabyggð</b>	457	300	757	151,4
	7.115	2.700	9.815	

## 65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Þinggerð

### Fjórðungsþing

Haldið 27. maí. 2020 í fjarfundir

Þingskjal nr.3

Samþykktir og þingsköp

## Samþykktir og þingsköp Fjórðungssambands Vestfirðinga

Sjá á vef Vestfjarðastofu <https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/samthykkir-og-thingskop-fv-26.-oktober-2019.pdf>

Samþykkt á 4. Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga

Hólmavík 26. október 2019

Gildistaka 1. janúar 2020

Fjórðungssamband Vestfirðinga kt. 700573-0799

## 65. FJÓRÐUNGSPING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Pinggerð

### Fjórðungsþing

Haldið 27. maí. 2020 í fjarfundir

Pingskjal nr. 4

Listi yfir fyrri Fjórðungsþing

Nr.	Ár	Pingstaður	Pingdagar:
1.	1949	Ísafjörður	8. og 9. nóvember
2.	1950	Hólmavík	13. og 14. september
3.	1951	Bjarkalundur	8. og 9. september
4.	1952	Bjarkalundur	10. og 11. september
5.	1953	Bjarkalundur	5. og 6. september
6.	1955	Bjarkalundur	10. og 11. september
7.	1957	Bjarkalundur	31. ágúst og 1. september
8.	1959	Ísafjörður	5. og 6. september
9.	1961	Bjarkalundur	2. og 3. september
10.	1963	Bjarkalundur	31. ágúst og 1. september
11.	1965	Hrafseyri	28. og 29. ágúst
12.	1967	Hrafseyri	2. og 3. september
13.	1969	Ísafjörður	6. og 7. september
14.	1970	Bjarkalundur	18. og 19. júlí
15.	1970	Ísafjörður	12. sep
16.	1971	Ísafjörður	4. og 5. september
17.	1972	Patreksfjörður	2. og 3. september
18.	1973	Núpur í Dýrafirði	7. og 8. september
19.	1974	Bolungarvík	23. og 24. ágúst
20.	1975	Laugarhóll í Bjarnafirði	13. og 14. september
21.	1976	Reykjanes	11. og 12. september
22.	1977	Ísafjörður	26. og 27. ágúst
23.	1978	Króksfjarðarnes	2. og 3. september
24.	1979	Patreksfjörður	18. og 19. ágúst
25.	1980	Bolungarvík	16. og 17. ágúst
26.	1981	Laugarhóll í Bjarnafirði	29. og 30. ágúst
27.	1982	Suðureyri	4. og 5. september
28.	1983	Reykjanes	27. og 28. ágúst
29.	1984	Ísafjörður	8. og 9. september
30.	1985	Reykhólar	30. og 31. ágúst
31.	1986	Ísafjörður	22. og 23. ágúst
32.	1987	Reykjanes	4. og 5. september
33.	1988	Ísafjörður	23. og 24. september
34.	1989	Ísafjörður	28. og 29. apríl
35.	1990	Ísafjörður	31. ágúst og 1. sept.

## 65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Þinggerð

36.	1991	Ísafjörður	31. maí og 1. júní
37.	1992	Ísafjörður	8. og 9. maí
38.	1993	Birkimelur	3. og 4. september
39.	1994	Ísafjörður	19. og 20. ágúst
40.	1995	Ísafjörður	31. mars og 1. apríl
41.	1996	Ísafjörður	25. og 26. apríl
42.	1997	Ísafjörður	29. og 30. ágúst
43.	1998	Ísafjörður	26. og 27. september
44.	1999	Tálknafjörður	8. og 9. október
45.	2000	Súðavík	22.-24. september
46.	2001	Reykhólar	24. og 25. ágúst
47.	2002	Bolungarvík	30. og 31. ágúst
48.	2003	Reykjanes	5. og 6. september
49.	2004	Ísafjörður	3. og 4. september
50.	2005	Patreksfjörður	2. og 3. september
51.	2006	Súðavík	1. og 2. september
52.	2007	Tálknafjörður	7. og 8. september
53.	2008	Reykhólar	5. og 6. september
54.	2009	Ísafjörður	4. og 5. september
55.	2010	Hólmavík	3. og 4. september
56.	2011	Bolungarvík	2. og 3. september
57.	2012	Bíldudalur	4. og 5. október
58.	2013	Trékyllisvík	11 og 12 október
59.	2014	Þingeyri	3. og 4. október
60.	2015	Patreksfirði	2. og 3. október
61.	2016	Ísafirði	4. maí
1. Haustþing	2016	Hólmavík	9. og 10. september
62.	2017	Bolungarvík	4. maí
2. Haustþing	2017	Reykjanesi	29 og 30. september
63.	2018	Tálknafirði	2. maí
3. Haustþing	2018	Ísafirði	5. og 6. október
64.	2019	Þingeyri	10. maí
4. Haustþing	2019	Hólmavík	25. og 26. Október
65.	2020	Fjarfundir	27. maí

- Aukaþing um orkumál var haldið að Núpi í Dýrafirði þann 14. júní 1975.
- Málþing Fjórðungssambandsins var haldið þann 25. október 1996
- Aukaþing um samgöngumál haldið á Ísafirði 26. október 2001
- Aukaþing Fjórðungssambandsins var haldið á Ísafirði í nóvember 2012
- Aukaþing Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks haldið í Hólmavík 4. nóv. 2015
- 65. Fjórðungsþing var haldið í fjarfundir vegna heimsfaraldurs Covid19 2020

## 65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Þinggerð

---

### Fjórðungsþing

Haldið 27. maí. 2020 í fjarfundir

Þingskjal nr. 5

Ávarp formanns

Kæru fundargestir, ég býð ykkur velkomin á Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga að vori sem í fyrsta skiptið í sögu sambandsins er haldið í fjarfundir. Það jákvæða við heimsfaraldurinn er að við þurfum að stökkva inn í nútímann og tileinka okkur nútíma tækni, sem mörgum opinberum stofnunum þótti ógjörningur í upphaf árs. Nokkurn mánuðum seinna hafa nánast flestar stofnanir gjörbreytt allri sinni starfsemi og vonandi sjá sveitarfélögin hag sinn í að halda í einhverjar breytingar. Sama á við um okkur í Fjórðungssambandinu. –

En, þrátt fyrir nýtt fundarform þá breytum við ekki formi þingsins – að því sögðu geri ég tillögu um að þingforseti verði Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri í Vesturbyggð.

## **65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA**

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Þinggerð

---

### **Fjórðungsþing**

Haldið 27. maí. 2020 í fjarfundir

Þingskjal nr.13 áður þingskjal nr. 6

Ársreikningur

## **Fjórðungssamband Vestfirðinga Ársreikningur 2019**

### **Ársreikning 2019 má finna á síðu Vestfjarðastofu**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/65thing/fvarsreikningur2019.pdf>

## 65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Þinggerð

---

### Fjórðungsþing

Haldið 27. maí. 2020 í fjarfundir

Þingskjal nr. 14 áður þingskjal 7

Ársreikningur

### Endurskoðaða Fjárhagsáætlun 2020 Fjórðungssambands Vestfirðinga má finna á síðu Vestfjarðastofu

[https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/65thing/thingskjal-7-endurskodud\\_fjarhagsaaetlun\\_2020-tillaga.pdf](https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/65thing/thingskjal-7-endurskodud_fjarhagsaaetlun_2020-tillaga.pdf)

### Endurskoðaða Fjárhagsáætlun samanburður 2020 Fjórðungssambands Vestfirðinga má finna á síðu Vestfjarðastofu

[https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/65thing/fv\\_endursk\\_fjarhagsaaetlun\\_2020\\_mai\\_samaburdur-1.pdf](https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/65thing/fv_endursk_fjarhagsaaetlun_2020_mai_samaburdur-1.pdf)

## 65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Þinggerð

---

### 65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA

Þingskjal nr.12 áður þingskjal 8

Haldið 27. maí 2020 í fjarfundir

---

### Ályktun um fastanefnd

65. Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið í fjarfundir ákveði að skipuð verði fjárhagsnefnd sem eina af fastanefndum sambandsins.

Samhliða verði fjárhagsáætlun og greining fjárhagslegra upplýsinga færð til samræmis við sveitarfélög þar sem fjárhagsáætlun er deildarskipt og frávik frá fjárhagsáætlun eru skilgreind með viðaukum við fjárhagsáætlun á sama hátt og sveitarfélög.

Greinargerð: Tilgangur fjárhagsnefndar milli þinga er að vinna með starfsfólki og stjórn Vestfjarðastofu að framlagningu fjárhagsáætlunar fyrir haustþing sambandsins.

Flutningsmaður: Jón Páll Hreinsson

Vísast til Fjárhagsnefndar

Samþykkt óbreytt



## **65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA**

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Þinggerð

---

### **65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA**

Þingskjal nr. 15 áður þingskjal 9

Haldið 27. maí 2020 í fjarfundir

---

### **Ályktun um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða**

65. Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið í fjarfundir skorar á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir breytingum á lögum um stjórn fiskveiða í takt við tillögur starfshóp um „endurskoðun á meðferð á ráðstöfun 5,3% aflaheimilar“.

Flutningsmaður: Jón Páll Hreinsson

Vísast til Fjórðungsmálanefndar

Samþykkt óbreytt

## 65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Pinggerð

---

### 65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA

Þingskjal nr. 16 áður þingskjal 10

Haldið 27. maí 2020 í fjarfundir

---

#### Ályktun um áhrif Covid-19 á fjárhagsstöðu sveitarfélaga

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga tekur undir áhyggjur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra af áhrifum Covid-19 faraldursins á fjárhagsstöðu sveitarfélaga og þeim áhrifum á framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem ástandið mun hafa vegna versnandi stöðu ríkissjóðs.

Ef lítið er til nýlegrar greiningar Byggðastofnunar á áhrifum faraldursins á sveitarfélög í landinu er ljóst að þau verða mikil. Lausafjárstaða og sjóðsstreymi sveitarfélaga mun breytast til hins verra. Tekjur munu dragast saman vegna breytts atvinnustigs með hruni ferðaþjónustunnar og afleiddra greina og þannig hafa áhrif á útsvarstofn sveitarfélaga til lækkunar. Hafnargjöld munu víða dragast saman og gera má ráð fyrir auknum kostnaði við félagsaðstoð. Til viðbótar við framangreint eru mörg sveitarfélög að bregðast við ástandinu með ýmiskonar átaksverkefnum og flýta framkvæmdum með tilheyrandi auknum kostnaði. Allt þetta mun óhjákvæmilega leiða til aukinnar skuldsetningar sveitarfélaganna.

Í áðurnefndri greiningu Byggðastofnunar kemur jafnframt fram að verði 10% samdráttur í skatttekjum ríkissjóðs gætu tekjur Jöfnunarsjóðs dregist saman um 4-5 milljarða sem hefur veruleg áhrif á rekstur sveitarfélaga í landinu. Sú skerðing til viðbótar við tekjuskerðingu vegna þeirra þátta sem nefndir voru hér að framan verður verulegt högg fyrir sveitarfélögin í landinu og til langs tíma leiða til þess að einhver sveitarfélög munu eiga í erfiðleikum með að halda úti lögbundinni þjónustu.

Það er ljóst að áhrif ástandsins á sveitarfélögin munu verða mismikil. Án efa munu fjárhagserfiðleikar einhverra sveitarfélaga kalla á sértækar aðgerðir af hálfu ríkisins. 65. Fjórðungsþing vill hins vegar benda á mikilvægi þess að gripið verði til almennra aðgerða vegna ástandsins sem hefur áhrif á öll sveitarfélög í landinu. Að mati 65. Fjórðungsþings er vænlegasta almenna aðgerðin að tryggja að ekki verði skerðing á framlögum úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna með því að veita viðbótarfjármagni til sjóðsins. Þannig verði tryggt að fyrrsjáanlegar sveiflur í tekjum sjóðsins vegna efnahagsástandsins muni ekki hafa áhrif á framlög til sveitarfélaganna.

Skorað er á ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála og ríkisstjórnina alla að grípa til þessarar almennu aðgerðar til að styðja sveitarfélög í landinu öllu í að rækja sitt mikilvæga hlutverk í að komast yfir þær erfiðu aðstæður sem nú eru uppi. Skv. skýrslu OECD um svæðabundin áhrif Covid-19 faraldursins munu sveitarstjórnir leika lykilhlutverk í því endurreisnarstarfi sem mun þurfa að eiga sér stað á næstu misserum. Það er því gríðarlega mikilvægt að sveitarfélögin hafi til þess fjárhagslega burði og þar eru framlög Jöfnunarsjóðs mikilvægur þáttur. Þau framlög mega ekki skerðast eigi sveitarfélögin að geta rækt hlutverk sitt í endurreisninni og haldið úti nauðsynlegri þjónustu fyrir íbúa.

Jafnframt er gerð athugasemd við skipan fulltrúa í starfshóp til að meta stöðu sveitarfélaga eftir Covid-19 þar sem eingöngu eru skipaðir fulltrúar stærri sveitarfélaga þó öllum megi vera ljóst að hagsmunir stærri og minni sveitarfélaga eru gerólíkir og erfitt að sjá hvernig fulltrúar stærri sveitarfélaga eiga að hafa þá yfirsýn sem þarf til að koma öllum hagsmunum á framfæri. Því er gerð sú krafa að fulltrúar starfshópsins hafi viðtækt samráð við öll sveitarfélög í landinu og kalli eftir upplýsingum, áherslum og sjónarmiðum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga minnir á hlutverk sjóðsins samkvæmt samþykktum og leggur áherslu á að þeim verði ekki breytt vegna tímabundins ástands og sér í lagi vegna hagsmuna stærri sveitarfélaga.

## **65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA**

Haldið 27. maí 2020

Fjarfundir

Þinggerð

---

### **65. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA**

Þingskjal nr.17. áður 11

Haldið 27. maí 2020

Haldið í fjarfundir

---

### **Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis**

65. Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið í fjarfundir ákveði að dagsetningin verði 9-10. október 2020. Starfsfólki Vestfjarðastofu verði falið að finna staðsetningu á norðanverðu svæðinu. Meginþema fjórðungsþingsins fjármál sveitafélagana á Vestfjörðum og áhrif Covid.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Vísast til Fjórðungsmálanefndar

Samþykkt óbreytt